



AÐALFUNDUR

12. MARS 2024



ÁRSREIKNINGUR FYRIR LIÐIÐ STARFSÁR ÁSAMT SKÝRSLU ENDURSKOÐANDA LAGÐUR FRAM TIL STAÐFESTINGAR

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að
ársreikningur fyrir árið 2023 verði staðfestur.



KRÖFTUGUR VÖXTUR Á STERKUM GRUNNI

Leigutekjur og EBITDA hækka umfram verðlagshækkunir.

Rekstur



13,2% (10,9%)

Leigutekjur hækka á milli ára



12,4% (10,0%)

EBITDA hækkar á milli ára



72% (73%)

EBITDA sem % af leigutekjum



97% (98%)

Nýtingarhlutfall

Arðsemi



3,8 ma.kr. (2,9 ma. kr)

Hagnaður eftir skatta



6,5 ma.kr. (6,0 ma. kr)

Matsbreyting fjárfestingaeigna



5,3% (5,0%)

Arðsemi fjárfestingaeigna



7,1% (5,5%)

Ávöxtun eigin fjár

Efnahagur



179,4 ma.kr.
(170,4 ma.kr.)

Fjárfestingaeignir samstæðu



116,3 ma.kr.
(109,1 ma.kr.)

Vaxtaberandi skuldir



64,8% (64,0%)

Skuldsetningarhlutfall



30,0% (29,8%)

Eiginfjárhlfall

Sjálfbærni



36%

Umhverfissvottanir m² safns



↓ 23%

Kolefnisfótspor*



↓ 7%

Rafmagnsnotkun*





↑ 6,5%

Vatnsnotkun*

* Samanburðar ár 2019

MARKVISS SKREF Í ÁTT AÐ SETTUM MARKMIÐUM

Stefnuáherslur Regins skila mælanlegum árangri.



KRÖFTUGUR TEKJUVÖXTUR ÞRÁTT FYRIR FÆRRI EIGNIR

Hagnaður eykst um 31% milli ára

Rekstrarreikningur

	2023	2022	Δ %
Leigutekjur	13.026	11.508	13%
Aðrar tekjur	751	689	9%
Rekstrartekjur	13.777	12.197	13%
Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna	-2.613	-2.325	12%
Rekstur í fasteignum	-1.032	-879	17%
Stjórnunarkostnaður	-723	-626	15%
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu	9.408	8.368	12%
Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingu af leigutekjum	72%	73%	
Matsbreyting fjárfestingareigna, söluhagnaður og afskriftir	6.398	6.098	
Rekstrarhagnaður eftir matsbreytingu	15.806	14.466	
Hrein fjármagnsgjöld	-11.566	-10.970	5%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga	581	205	
Hagnaður fyrir tekjuskatt	4.821	3.701	30%
Tekjuskattur	-1.004	-787	
Hagnaður fyrir tímabilið	3.818	2.914	31%

Milljónir króna


Leigutekjur - Milljónir króna




Rekstrarhagnaður fyrir matsbreytingar - Milljónir króna



Rekstrarkostnaður fjárfestingareigna - % af tekjum




Stjórnunarkostnaður - % af tekjum



LEIGUTEKJUR HÆKKA 4,2% UMFRAM VERÐLAG

Góður árangur í útleigu

ÞRÓUN TEKNA | 2022-2023



VERÐLAG

Leigutekjur hækkuðu um 13,2 % á árinu 2023 frá fyrra ári.

Verðlag hefur hækkað um 9,0% á sama tímabili.

HÆKKUN UMFRAM VERÐLAG

Undirritaðir voru samningar um 27.147 m² á árinu sem er sambærilegt við árið 2022.

Sterk eftirspurn er eftir atvinnuhúsnæði og var hún jöfn og þétt á öllum ársfjórðungum síðasta árs. Vel gekk að ná markmiðum félagsins varðandi útleigu og leiguverð á árinu.

Tekjur vegna nýrra leigusamninga og betri nýting eignasafns hækka leigutekjur á tímabilinu.

BREYTING EIGNASAFNS


Nýtingarhlutfall tekjuberandi eigna helst hátt og er 97,0% sem er sambærilegt og undanfarin misseri.

Heildarfermetrafjöldi eignasafnsins hefur lækkað um 2,4% frá ársbyrjun 2022. Á fjórða ársfjórðungi 2023 bættust ný atvinnurými í Silfur- og Sunnusmára við eignasafnið.

HEILBRIGÐUR VÖXTUR LEIGUTEKNA Í ÖLLUM STARFSÞÁTTUM

STARFSÞÆTTIR: TEKJUR AF LEIGUSAMNINGUM | Milljónir króna

2022 2023



Atvinnuhúsnæði

Kaup á Hótel Konsúlat og öðrum eignum á kjarnasvæði Regins í miðbæ Reykjavíkur. Nýir leigusamningar m.a. í Turninum Höfðatorgi, Ármúla 4-6 og leigutekjur hótela standa að baki góðum tekjuvexti á árinu 2023.

Verslun og þjónusta

Áhersla hefur verið á að fækka eignum í verslun og þjónustu utan kjarnasvæða undanfarin ár. Mikill tekjuvöxtur á Hafnartorgi og nýir leigusamningar á öðrum svæðum hafa einkennt 2023.

Samstarfsverkefni

Tvær eignir hafa farið í nýjan farveg sem dregur úr tekjuvexti. Ein var seld og önnur komin í þróunarferli.

TRAUSTUR GRUNNUR FORSENDA ÁFRAMHALDANDI VAXTAR


Efnahagsreikningur

	2023	2022
Fjárfestingareignir	182.737	173.739
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	5.031	4.552
Aðrir fastafjármunir	826	772
Fastafjármunir	188.593	179.063
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	1.101	905
Handbært fé	3.171	1.369
Eignir samtals	192.865	181.337
Eigið fé	57.778	53.960
Vaxtaberandi skuldir	112.551	101.262
Tekjuskattskuldbinding	13.910	12.907
Aðrar langtímaskuldir	3.105	4.030
Langtímaskuldir	129.566	118.200
Vaxtaberandi skuldir	3.771	7.826
Aðrar skammtímaskuldir	1.750	1.351
Skammtímaskuldir	5.521	9.177
Eigið fé og skuldir samtals	192.865	181.337

Milljónir króna


VIÐSKIPTAKRÖFUR

Milljónir króna



HLUTDEILDARFÉLÖG: 33% hlutur í Klasa ehf. og 20,6% í Grunni ehf.

Milljónir króna



FÆRRI EIGNIR SKILA ENGU AÐ SÍÐUR AUKNUM TEKJUM

Leigutekjur aukast umfram verðlagshækkanir

ÁHÆTTU-DREIFING

Samsetning eignasafns Regins er lykillinn að traustum tekjugrunni.

Skipting milli atvinnuflokka innan skilgreindra marka dreifir áhættu.

99
EIGNIR

Frá árslokum 2021 hefur eignum fækkað úr 110 talsins í 99.


Á sama tímabili hefur fermetrum fækkað úr 381.600 í 372.400 eða um 2,4%.

+25,6%

Leigutekjur hafa aukist um 25,6% frá árinu 2021, en verðlag hækkað um 18,0%.


EIGNASAFN

Fermetrar, % eftir tegund húsnæðis



VIÐSKIPTAVINIR REGINS ERU MÖRG AF STÆRSTU FYRIRTÆKJUM OG STOFNUNUM LANDSINS

FLOKKUN VIÐSKIPTAVINA
% af heildar leigutekjum



STÆRSTU VIÐSKIPTAVINIR
í hverjum flokki



JÁKVÆÐAR MATSBREYTINGAR Á FYRRI HLUTA ÁRS

Verðlag og hækkun vaxtastigs á síðari hluta árs helstu áhrifaþættir matsbreytinga

Neikvæð matsbreyting var á seinni helmingi ársins 2023 vegna hækkunar vaxtastigs.

Helsti áhrifaþáttur matsbreytinga ársins er hækkun verðlags.

Ávöxtunarkrafa í árslok 2023 er 6,38% en var 6,09% á árslok 2022.

Matsbreyting fjárfestingareigna byggir á núvirtu framtíðar sjóðsflæði einstakra eigna til 30 ára.


Það þýðir að leigutekjur hvernar eignar ásamt kostnaði við eignina eru áætlaðar og núvintar með ávöxtunarkröfu.

Forsendur sjóðstreymis eru endurmetnar innan árs ef breytingar hafa orðið á forsendum leigusamninga eða kostnaði.


Forsendur sjóðstreymis eru uppfærðar m.v. þróun verðlags frá síðasta mati.

Aðrir þættir sem hafa áhrif á ávöxtunarkröfu s.s. áhættulausir vextir hafa einnig bein áhrif.

MATSBREYTING 2022
Milljónir króna



MATSBREYTING 2023
Milljónir króna




TAKMÖRKUÐ ENDURFJÁRMÖGNUNARÞÖRF NÆSTU ÁR

Græn fjármögnun er 40% af heildar vaxtaberandi skuldum

ENDURFJÁRMÖGNUNARÞÖRF NÆSTU ÁRA
Milljónir króna

Skuldabréf Bankalán




Um 30% vaxtaberandi lána eru bankalán og er lánstími þeirra 5-7 ár. Endurfjármögnun á árunum 2026-2028 snýr aðallega að fjármögnun frá bönkum.

Meðal vextir verðtryggðra lána voru 3,03% í lok desember 2023.

MARKVISS SKREF Í ÁTT AÐ LANGTÍMAMARKMIÐUM

Reginn er leiðandi í mótun kjarnasvæða





ÁKVÖRÐUN UM GREIÐSLU ARÐS OG MEÐFERÐ HAGNAÐAR EÐA TAPS Á NÆSTLIÐNU REIKNINGSÁRI

Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2024, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður af rekstri ársins 2023 verður fluttur til næsta reikningsárs.



TILLAGA STJÓRNAR UM STARFSKJARASTEFNU LÖGÐ FRAM TIL SAMÞYKKTAR

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt. Stjórn leggur til að 6. gr. í starfskjarastefnu félagsins, sem samþykkt var á aðalfundi þann 7. mars 2023, verði breytt þannig að hún muni eftirleiðis vera svohljóðandi:

6. gr. Hvatakerfi

KAUPAUKAR

Stjórn félagsins er heimilt að greiða starfsmönnum, stjórnendum og forstjóra félagsins árangurstengdar greiðslur á grundvelli sérstaks kaupaukakerfis sem stjórnin samþykkir að fengnu áleti starfskjaranefndar.

Með kaupauka er átt við hlunnindi og greiðslur, venjulega skilgreindar með tilliti til jákvæðs árangurs félagsins í heild eða afmarkaðra verkefna þess, sem ekki er þáttur í föstum starfskjörum starfsmanns, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang greiðslu liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram. Skulu kaupaukar miðast við frammistöðu

viðkomandi starfsmanna, afkomu félagsins, mikilvæga áfanga í rekstri og starfsemi félagsins, þ. á m. hvort settum markmiðum hefur verið náð. Slíkir kaupaukar skulu einungis vera starfsmönnum til boða sem starfa hjá félaginu þegar kaupaukinn er greiddur. Samtala veitts kaupauka starfsmanns getur á ársgrundvelli að hámarki numið ígildi þriggja mánaða launa viðkomandi starfsmanns.

Einungis er um heimild en ekki skyldu félagsins til greiðslu kaupauka.

KAUPRÉTTIR

Stjórn félagsins er heimilt, en ekki skylt, að gera kaupréttarsamninga við forstjóra og æðstu stjórnendur

félagsins að fengnu áleti starfskjaranefndar. Stjórn er heimilt að úthluta með slíkum kaupréttarsamningum allt að 24.000.000 hlutum (eða 1,33% af heildarhlutafé, sé miðað við útgefið hlutafé 12. mars 2024), að því tilskildu að hluthafafundur félagsins hafi veitt stjórn heimild í samþykktum til hækkunar hlutafjár til þess að mæta þeim kaupréttum sem kunna að verða nýttir á grundvelli kaupréttarkerfis félagsins. Stjórn skal innan framangreinds ramma ákveða fjölda hluta sem kaupréttir ná til og um helstu skilmála kaupréttarsamninga, svo sem kaupréttargengi og ávinnslutíma. Stjórn félagsins skal gæta ákvæða 79. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutafélög við gerð og framkvæmd kaupréttarsamninga.

TILLAGA STJÓRNAR UM KAUPRÉTTARKERFI OG HEIMILD TIL HÆKKUNAR HLUTAFJÁR

Stjórn félagsins leggur til að við samþykktir verði bætt nýrri heimild í 3. mgr. 4. gr. vegna innleiðingu kaupréttarkerfis. Verður 3. mgr. 4. gr. því svohljóðandi:

Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutafé félagsins í áföngum eða einu lagi um allt að 24.000.000 kr. að nafnverði (eða 1,33% af heildarhlutafé, sé miðað við útgefið hlutafé 12. mars 2024) með útgáfu nýrra hluta til að efna kaupréttarsamninga sem kunna að verða gerðir við forstjóra og æðstu stjórnendur félagsins samkvæmt því kaupréttarkerfi sem gildir innan félagsins á hverjum tíma. Kaupgengi hlutanna og söluskilmálar skulu vera samkvæmt þeim samningum sem stjórn félagsins gerir við hlutaðeigandi. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að nýjum hlutum sem eru tilkomnir vegna nýtingar á heimild í þessari grein. Nýir hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hlutafjárhækkunarinnar og gilda samþykktir félagsins um þá. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti og skulu nýju hlutirnir vera í sama flokki og veita sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Heimild þessi gildir í fimm ár frá samþykkt hennar.



ÁKVÖRÐUN UM HEIMILD TIL STJÓRNAR UM KAUP Á EIGIN BRÉFUM Í SAMRÆMI VIÐ TILLÖGU STJÓRNAR ÞAR AÐ LÚTANDI

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins, með vísan til heimildar í 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að félaginu verði heimilt að kaupa hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2016/1052, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Kaupgengi hluta sem keyptir eru samkvæmt heimild þessari skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirbyggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti

með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Heimild þessi kemur í stað heimildar til stjórnar um kaup á eigin bréfum sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 7. mars 2023 og gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Skal hennar getið í viðauka við samþykkir Regins hf., sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykhta félagsins og koma í stað eldri viðauka um sama efni.

TILLÖGUR TIL BREYTINGA Á SAMÞYKKTUM

Stjórn Regins hf. leggur til, verði tillaga samkvæmt dagskrárlið 6 samþykkt, að bæta við svohljóðandi viðauka við samþykktir félagsins, sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykktar félagsins sem kemur í stað eldri viðauka:

VIÐAUKI

Á aðalfundi félagsins þann 12. mars 2024 var svohljóðandi tillaga samþykkt:

„Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins, með vísan til heimildar í 55. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að félaginu verði heimilt að kaupa í eitt skipti eða oftár hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af heildarhlutafé félagsins. Tilgangur kaupanna er að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun samkvæmt heimild í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014, sem og framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2016/1052, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Kaupgengi hluta sem keyptir eru samkvæmt heimild þessari skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021.

Heimild þessi kemur í stað heimildar til stjórnar um kaup á eigin bréfum sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 7. mars 2023 og gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar og skal hennar getið í viðauka við samþykktir Regins hf., sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykktar félagsins“.

Stjórn félagsins leggur jafnframt til að gerðar verði breytingar á 6., 14., 16. og 18. gr. samþykktar félagsins.

TILLÖGUR TIL BREYTINGA Á SAMÞYKKTUM

Lögð er til breyting á 6., 14., 16. og 18. grein samþykktu félagsins:

LAGT ER TIL AÐ 6. GR. HLJÓÐI SVO:

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerna og 27. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Hlutaskrá samkvæmt ákvæðum framangreindra laga skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá félagsins.

LAGT ER TIL AÐ 14. GR. HLJÓÐI SVO:

Aðalfund skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert.

Til aðalfundar skal boða með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti, t.d. auglýsingu í fjölmiðli, með skemmst þriggja vikna fyrirvara. Við boðunina skal notast við trausta miðla sem tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska Efnahagssvæðinu. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Um efni fundarboðs skal að öðru leyti fara eftir ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað, án tillits til þess hversu margir sækja hann.

LAGT ER TIL AÐ 16. GR. HLJÓÐI SVO:

Aukafundi skal halda, þegar stjórn þykir við þurfa, samkvæmt fundarályktun, eða ef kjörinn endurskoðandi eða hluthafar sem ráða yfir minnst 1/20 hlutafjárins krefjast þess skriflega og greina fundarefni, enda skal þá boða til aukafundar innan 21 sólarhringa frá því að krafan barst stjórn í hendur.

Til aukafunda skal boða með minnst þriggja vikna fyrirvara, nema hluthafar félagsins hafi áður samþykkt boðun með skemmri fyrirvara á grundvelli þeirra skilyrða sem koma fram í 88. gr. a.

laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Séu allir hluthafar mættir, eða umboðsmenn þeirra, geta þeir gefið undanþágu frá þessu ákvæði. Boða skal aukafundi með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti, t.d. auglýsingu í fjölmiðli. Við boðunina skal notast við trausta miðla sem tryggja virka útbreiðslu upplýsinga til almennings á Evrópska Efnahagssvæðinu. Um lögmæti aukafunda skulu gilda sömu reglur og um lögmæti aðalfundar, sbr. 2. mgr. 14. gr. samþykktu þessa.

LAGT ER TIL AÐ 18. GR. HLJÓÐI SVO:

Hver hluthafi á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á hluthafafundi, ef hann gerir skriflega eða rafræna kröfu um það til stjórnar með það löngum fyrirvara, að unnt sé samkvæmt samþykktum þessum að taka málið á dagskrá fundarins.

Í fundarboði skal greina málefni þau, sem taka á til meðferðar á hluthafafundi. Viku fyrir hluthafafund hið skemmsta (tveimur vikum fyrir aðalfund) skal dagskrá, endanlegar tillögur, svo og ársreikningur (í móðurfélagi einnig samstæðureikningur), skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðenda auk tillagna félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins, sé um aðalfund að ræða, lögð fram hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, birtar á heimasíðu þess og samtímis send sérhverjum skráðum hluthafa sem þess óskar.

Mál sem ekki hafa verið greind á dagskrá er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi. Þótt máls hafi ekki verið getið á dagskrá, kemur það þó ekki í veg fyrir að ákveðið sé að boða til aukafundar til þess að fjalla um málið, auk þess sem aðalfundur getur ávallt afgreitt mál, sem skylt er að taka til meðferðar samkvæmt lögum eða samþykktum.

Löglega frambornar viðauka- og breytingatillögur má bera upp á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki legið frammi hluthöfum til sýnis.

KOSNING FÉLAGSSTJÓRNAR

Í framboði til stjórnar eru:



Benedikt Olgeirsson



Bryndís Hrafnkelsdóttir



Guðrún Tinna Ólafsdóttir



Heiðrún Emilía Jónsdóttir



Sólveig R. Gunnarsdóttir



Tómas Kristjánsson



KOSNING ENDURSKOÐANDA

Stjórn leggur til við aðalfund að **Deloitte ehf.** verði kjörið
sem endurskoðandi félagsins til næsta árs.



TILNEFNING NEFNDARMANNS Í ENDURSKOÐUNAR- NEFND

Stjórn Regins hf. leggur til við aðalfund félagsins að
Anna Þórðardóttir verði tilnefnd í endurskoðunarnefnd.



KOSNING NEFNDARMANNA Í TILNEFNINGARNEFND

Sjálfkjörið er í tilnefningarnefnd félagsins en í framboði voru:



Árni Gunnarsson



Guðfinna S. Bjarnadóttir



Ína Björk Hannesdóttir

ÞÓKNUN

Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda stjórnar og tilnefningarnefndar fyrir næsta kjörtímabil.

Seta í stjórn



846.000 kr. á mánuði
Stjórnarformaður



423.000 kr. á mánuði
Meðstjórnendur

Seta í undirnefndum stjórnar



80.000 kr. á mánuði
Nefndarmaður í starfskjaranefnd



113.500 kr. á mánuði
Nefndarmaður í endurskoðunarnefnd



180.000 kr. á mánuði
Formaður endurskoðunarnefndar



62.000 kr. á mánuði
Nefndarmaður í tilnefningarnefnd



98.000 kr. á mánuði
Formaður tilnefningarnefndar



ÖNNUR MÁL

